

Inngangur

Markmiðið með verkefni þessu er að þýða texta úr íslenskum bókmenntum.

Tungumál og bókmenntir hafa alltaf verið eitt af áhugamálum mínum. Þess vegna var auðvelt að velja eitthvað þessu tengt. Ég vildi þýða bók sem er sam- og nútímaleg og á sama tíma krefjandi fyrir mig í hlutverki þýðanda. Bókin sem ég fann (eða frekar sem vinur minn ráðlagði mér) er nákvæmlega þannig. Hún er full af nútímalegu slangri, orðaleikjum, slettum og orðasamböndum og krefst mjög góðrar kunnáttu beggja tungumála (íslensku og slóvakísku) og þekkingar á samfélaginu og menningu.

Í upphafi þessarar ritgerðar er höfundur kynntur og bókin hans ásamt stuttri lýsingu af bókategund og bókmenntagrein. Í framhaldi ritgerðar eru greindar þýðingaaðferðir og þýðingafærli sem notuð voru. Því næst er komið fram með hugtökin *slangur*, *sletta*, *tökuorð* og notkun og staða þeirra í tungumálinu rædd. Í stuttu máli er fjallað um bæði tungumálin og aðalmunur þeirra útskýrður. Að lokum er farið yfir helstu vandamál í þýðingunni sjálfri og útskýrt verður hvernig lausnin var fundin.

1. Um bókina *Makalaus*

1.1 Tobba Marinós

Bloggari, rithöfundur og forstöðumaður markaðssviðs Skjásins Tobba Marinós heitir fullu nafni Þorbjörg Alda Birkis Marinósdóttir og er fædd 1984. Að lokum grunnskóla fór hún til Brasilíu sem skiptinemi og talar því mjög góða portúgölsku. Tobba útskrifaðist með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands árið 2003. Í janúar 2009 útskrifaðist hún með BA-próf í fjölmiðlafræði frá The University of Derby í Bretlandi og hefur hún starfað sem blaðakona á tímaritunum *Júlía* og *Séð og Heyrt*. Tobba hefur getið sér gott orð sem bloggari á *dv.is*, var annar þáttastjórnandi *Djúpu laugarinnar* á Skjá einum árið 2010 og gaf sama ár út skáldsöguna *Makalaus*. Bókin vakti mikla athygli í samfélaginu, varð mjög vinsæl hjá kvenlesendum en á hinn bóginn var hún mjög gagrýnd af bókagagnrýndum.

Árið 2010 gaf Tobba út bókina *Dömusiðir*, árið 2011 voru gerðir sjónvarpsþættir byggðir á bókinni *Makalaus* og voru sýndir á Skjá einum. Sjálfstætt framhald af *Makalausri* sem heitir *Lýtalaus* kom út árið 2011 og núna skrifar Tobba sína fjórðu bók sem á að koma út fyrir sumarið 2013 (Forlagid.is. 2013).

1.2 Skvísusögur

Bækurnar Tobbu Marinós eru oft kallaðar skvísusögur og eins og nafnið bendir til eru þær fyrir og um konur. Bækurnar *Makalaus* og *Lýtalaus* ásamt öðrum skvísusögum hafa fengið mjög slæma gagnrýni og mjög litla virðingu þrátt fyrir að hafa slegið í gegn á bókamörkuðum. Skvísusögur eru mjög vinsælar í öllum löndum og þetta bókmenntasvið blómstraði eftir að bókin *The Bridget Jones Diary* eftir Helen Fielding var gefin út árið 1996.

Í skvísusögum eru ungar konur mjög oft að glíma við allskonar vandamál sem tilheyra samfélaginu. Þær „eru örvæntingarfullar því þær ná ekki að mæta öllum þeim ólíku skilaboðum sem samfélagið sendir þeim. Þær eiga í erfiðleikum með að sameina þörfina fyrir starfsferil annarsvegar og hinsvegar að eiga sér fjölskyldulíf. Sögurnar takast einnig á við glímuna við þyngdina, mikilvægi vináttubanda, stefnumótamenningu og sambönd milli kynjanna“ (Marta María Jónasdóttir 2013).

Oft er talað niðurlægjandi um skvísusögur og þessum vandamálum kvenna í samfélaginu er oft skipað á óæðri bekk. Fatakaup og tíska eru álitin lítils virði á meðan

fótbolti og íþróttir þykja merkilegri eins og Virginia Woolf sagði á sínum tíma (sbr. Marta María Jónasdóttir 2013).

1.3 Pósthfemínismi

Án vafa hefur Tobba vakið mikla athygli fyrir verk sín. Hún fjallar oft um ungar konur í nútímalegu samfélagi sem telja sig stjórna lífi sínu frjálssar og sjálfstæðar. Vegna þess er hún oft kölluð pósthfemínisti.

Það getur verið erfitt að aðskilja femínista og pósthfemínista en í raun og veru er hægt að segja að þar sem femínistar gagnrýna ímynd kvenna sem kynverur og sem kynferðislegt viðfang karlmannna, fagna pósthfemínistar frekar kynferðislegri sjálfsveru kvenna (Marta María Jónasdóttir 2013). Femínistar gagnrýna fjölmiðla fyrir að skapa „réttu“ ímynd farsællra kvenna með Barbie - ljóshærðar, grannar, heimskar en með stór brjóst, en pósthfemínistar reyna að segja að kona geti verið farsæl þótt hún líti út eins og Barbie. Kona, sem fer vel með sig og vill líta vel út getur líka verið sjálfstæð, einhleyp og ánægð. Pósthfemínistar tala opinskátt um lífstíl sinn, kynlíf og karlmenn og gagnrýna frekar heðgun allra en útlit eins og í þáttunum *Sex and the City*.

1.4 Makalaus

Bókin *Makalaus* segir frá ungri konu, Lilju Sigurðardóttur, og lífi hennar. Eins og *Dagbók Bridget Jones* er *Makalaus* skrifuð í formi dagbókar og sögð frá sjónarhorni Lilju. Bókin skiptist í kafla eftir vikum, hver kafla eftir dögum og athugasemdum sem Lilja skrifar á samskiptavefinn *facebook*.

Lilja skrifar um allt áhugavert sem gerist í lífi hennar og eins og titillinn segir er Lilja einhleyp og sagan fjallar mest um leit Lilju að karlmanni.

Bókin hefst með því að Lilja situr á kaffihúsi og veltir fyrir sér af hverju hún getur ekki fundið sér réttan mann. Hún kynnir sig, vinnuna sína og vinkonur sínar. Í öðrum kaflanum hittir Lilja smiðinn Tomma og henni líkar vel við hann. Í næstu köflum hættir Lilja með Tomma og fer að hitta aðra menn. Á sama tíma segir hún frá reynslu sinni af karlmönnum og frá glötuðum stefnumótum sem hún og vinkonur hennar hafa farið á. Seinna í bókinni hittir Lilja Sigurð, eiganda fjárfestingafélags, og þau byrja saman. En Sigurður er giftur og á fjölskyldu. Lilja kemst fljótlega að því en vill ekki hætta með honum því að hún er orðin ástfangin og einnig af því að Siggi lofar henni því að fara frá konunni sinni. Það gerist ekki,

Lilja vill ekki vera hin konan og slítur sambandi þeirra. Bókin endar á því að þótt „að draumaprinsinn er ókominn! Og það er í góðu lagi...“ (Tobba Marinós 2010: 317)

Bókin *Makalaus* er skrifuð á óformlegu talmáli, hún er létt að lesa og frekar fyndin. Stíll Tobbu er hreinn, skiljanlegur, hún notar stuttar setningar og einfalda uppbyggingu. Stundum er hugsunarstraumur Lilju óskipulagður, hún hoppar á milli umræðuefna og það getur verið erfitt að fylgja henni eftir. Eins og nefnt var áður notar Tobba slangur, slettur, orðasambönd og orðaleiki sem er mjög auðvelt og skemmtilegt að lesa en skapar vandamál fyrir mig sem þýðanda.

1.5 Skvísusögur í Slóvakíu

Góður árangur *Dagbókar Bridget Jones* og þáttaranna *Sex and the City* höfðu áhrif á markaðinn í Slóvakíu. Það opnuðust nýju möguleikar fyrir konur að byrja að skrifa bækur í póstheminiskum anda.

Ein af fyrstu var Eva Urbaníková. Eva (eða Evita eins og hún er kölluð) byrjaði að vinna í útvarpi, m.a. í morgunþáttum, og svo sem ritstjóri á tímaritinu *Eva*. Árið 2007 stofnaði hún bókaútgáfu Evitapress sem einbeitir sér að skvísusögum og bókum fyrir konur (Litcentrum.is 2013). Hún hefur sjálf skrifað sjö bækur um konur sem þurfa að glíma við ýmisleg vandamál eins og t.d fjölskyldulíf og vinnu, ástarsambönd, framhjáald og leitina að draumaprinsinum.

Eva er u.þ.b. tíu árum eldri en Tobba, fráskilin og á tvö börn. Í bókunum hennar er talað meira um konur sem upplifa framhjáald mannsins síns eða konur sem sjálfar hafa fundið sér yngri mann. Konur sem eru ekki hamingjusamar í hjónaböndunum sínum en þurfa að hugsa um börnin sín. Skilaboð Evu í bókunum, sem eru í póstheminiskum anda, að konur hafi rétt á að hugsa um sjálfar sig, þær geti prófað t.d. að stofna fyrirtæki, fari í stjórnsmál eða finni sér yngri ástmann.

Ég hef einungis lesið tvær bækur eftir Evu og mér fannst þær góðar og skemmtilegar en ekki mjög raunsæislegar. Samfélagið í Slóvakíu er ennþá mjög íhaldssamt og hefur ekki skilning á konum sem tala opinskátt um kynlíf, framhjáald sitt og löngun til þess að vera sjálfstæðar.

2. Um þýðingar

2.1 Lágmarkskröfur til þýðenda

Samkvæmt Heimi Pálssyni og Höskuldi Þráinssyni (1988: 11) eru þrjár lágmarkskröfur til þýðenda.

- (1) a) *Kunnátta í málinu sem þýtt er úr*
- b) *Þekking á efninu sem verið er að fjalla um*
- c) *Færni í því að skrifa lipurlega og skýrt á heimamálinu*

Kunnátta í málinu sem þýtt er úr

Kunnátta mín sem nemanda á þriðja ári í HÍ í íslensku sem annað mál þarf að vera nóg. Almenn kunnátta mín af íslensku slangri er frekar góð. Kostur er líka að í fyrirtækinu sem ég vinn hjá eru langflestar konur ungar og það er mjög auðvelt að taka upp allskonar slangur og slettur. Ég er ekki með reynslu af þýðingum ef ég tel ekki með þegar ég túlka fyrir vini og fjölskyldu þegar þau koma til Íslands í heimsókn.

Þekking á efninu sem verið er að fjalla um

Ég þýddi fyrstu tvo kaflana í íslensku skvísusöggunni *Makalaus* eftir Þorbjörgu Marinósdóttur. Ég les mikið en mjög sjaldan þessa bókategund og að þýða þessa bók fannst mér þess vegna krefjandi og áhugavert. Ein af mínum uppáhaldsbókategundum eru glæpasögur en bækur þar sem höfundur leikur sér með tungumálið, slangur og slettur finnast mér sérstaklega spennandi og skemmtilegar, eins og t.d. bækurnar og greinar eftir Hallgrím Helgason (m.a. *101 Reykjavík, Rokland*)

Færni í því að skrifa lipurlega og skýrt á heimamálinu

Þýtt var á slóvakísku og þýðingin á að vera vel skiljanleg, skýr og hljóma eðlilega fyrir slóvakíska lesendur og á sama tíma þarf að reyna að halda í þýðingunni því andrúmslofti sem bókin var skrifuð í - létt og skemmtilegt. Þetta var markmiðið sem ég hafði í huga allan tímann.

Ég hef ekki búið í Slóvakíu í mörg ár og þess vegna kannast ég ekki mikið við nýjustu slangorðin. Sem betur fer fjallar þessi bók um konu á mínu aldri þannig að ég gat notað talmál af minni kynslóð. Mikil hjálp var í ýmsum greinum, umræðum á internetinu og *facebook*.

Ég er þó ekkert skáld og reynsla mín að skrifa er frekar lítil. Mér fannst gaman að skrifa smásögur þegar ég var í grunnskóla (sumar birtust í bæjarblöðunum) og síðan þegar ég flutti til Íslands skrifaði ég tvær greinar fyrir bæjarblaðið okkar í Slóvakíu og þeim var tekið mjög vel.

2.2 Þýðingarferlið og þýðingaaðferðir

2.2.1 Inngangur

Hér ætla ég að segja nokkuð frá þýðingum almennt, mikilvægustu þýðingafræðingunum og kenningum þeirra.

Hugtakið *þýðing* merkir ‘yfirfærsla’ sem er á ensku *translation*. Orðið *translation* kemur upprunalega úr latínu *trans* og *latum*, þ.e. ‘yfir’ og ‘ég ber’ (lh. þt. af sögninni *fero*) (Ástráður Eysteinnsson 1996: 25)

- (2) *á ensku* – trans-lation
- á þýsku* – Über-setzung
- á sænsku* – över-sättning
- á slóvakísku* – pre-klad

2.2.2 Þýðingarfræðingar og þýðingarfræði

Í margar aldir höfðu margir fræðimenn velt fyrir sér hvað góð þýðing er hvað það er sem gerir þýðanda enn betri. Einn af þeim var þýski heimspekingurinn og guðfræðingurinn Friedrich Schleiermacher.

2.2.2.1 *Schleiermacher*

Að mati Schleiermachers á hinn eiginlegi þýðandi um tvær leiðir að velja. Hann geti flutt lesandann til höfundarins eða höfundinn til lesandans þannig að megináherslan er annaðhvort lögð á frummálið eða frumtextann. Þýðandi breytir máli höfundar eins lítið og hægt er og færir lesandann í átt til höfundar.

Á hinn bóginn liggur áhersla á þýðingamálinu. Þýðandinn reynir að nota það mál sem höfundurinn hefði notað ef hann hefði frumsamið verk sitt á hinu nýju máli (Ástráður Eysteinnsson 1996: 77). Þessum aðferðum má alls ekki blanda saman. Í nútímaþýðingum er

Þetta ekki alltaf virt. Það þýðir að það er alltaf gagnlegt að hafa í huga hvernig höfundurinn hefði orðað þetta á þýðingarmálinu sérstaklega þegar vangaveltur um stíl og form frumtexta koma til greina. Á sama tíma færir þýðandi lesanda yfir í vistarverur höfundarins og lætur hann heyra óm frumtextans. Þýðandinn á jafnvel að geta varðveitt tillfinninguna fyrir því sögulega samhengi sem verkið og frummálið eiga aðild að. Lesandanunn má finnast að hann sé að heimsækja annan merkingarheim án þess að vera truflaður af þýðingaraðferðum þýðandans.

2.2.2.2 Jakobson

Verk Schleiermachers vakti mikla athygli á sínum tíma og varð innblástur fyrir næstu þýðingafræðinga, þar m.a. Roman Jakobson, Eugene A. Nida o.fl.

Jakobson flokkar þýðingar í þrjá meginflokka (Ástráður Eysteinnsson 1996: 27-28)

- (3) a) þýðing innan tungumálsins – *intralingual translation*
- b) þýðing milli tungumála – *interlingual translation*
- c) þýðing milli táknkerfa – *intersemiotic translation*

Þýðing innan tungumálsins

Þessi þýðing er notuð þegar textinn er endurskrifaður í sama málkerfi. Til dæmis má nefna texta á fornmáli sem er færður yfir á nútímamál, þegar texti er endursagður eða umorðaður, munnmælasaga er skrifuð niður o.fl.

Þýðing milli tungumála

Þessi aðferð er sú langalgengasta og langhefðbundnasta. Þá er texti færður af einu tungumáli yfir á annað og slíku þýðingu er hægt að finna í alls konar textum, t.d. ljóðum, sögum, kvikmyndum o.fl.

Þýðing milli táknkerfa

Þessi þýðing er notuð þegar texta er gefið annað form. Gott dæmið um þýðingu milli táknkerfa er sagan um Hnotubrjótinn sem var færð í ballettsýningu.

2.2.2.3 Nida

Eugene A. Nida, bandarískur Biblíufræðingur og þýðingafræðingur, kemur með hugtakið *jafngildi* (e. equivalence) og hann nefnir tvenns konar jafngildi:

- (4) a) formlegt jafngildi – *formal equivalence*
b) áhrifajafngildi – *dynamic equivalence*

Formlegt jafngildi leggur áherslu á skilaboðin sjálf, bæði að formi og inntaki til lesandans. Áhrifajafngildi reynir að setja viðtakandann í samband við hegðunarmynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi. Samkvæmt Nida er meginatriði í þýðingu að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur (Ástráður Eysteinnsson 1996: 90)

Íslenska og slóvakíska eru tvö ólík tungumál og þess vegna kemur formlegt jafngildi (mjög nánast orð fyrir orð þýðingu) oftast ekki til greina. Auk þess notar Tobba mjög mikið af slangorðum og orðaleikjum sem er sjaldan hægt að þýða í samræmi við formlegt jafngildi. Ég valdi að þýða samkvæmt áhrifajafngildi, eða merking fyrir merkingu, því það kemur eðlilegra út, það má sjá á dæminu:

- (5) a) Hann er með dökkt stutt hár, fallegar og frekar stórar tennur (samt **engin extra tyggjó**), ... (bls.26)
b) Má krátke tmavé vlasy, pekné a trocha vel'ké zuby (ale **žiadne hlodáky**), ...
c) Hann er með dökkt stutt hár, fallegar og frekar stórar tennur (samt **engar nagdýratennur**), ...

Hér er gott dæmi um jafngildi. Samkvæmt formlegu jafngildi gæti ég þýdd ‘*extra tyggjó*’ orð fyrir orð en það gæti verið ruglandi fyrir slóvakíska lesendur, af því að það eru fleiri tyggjótægundir en litlar plötur, eins og kringlótt eða kassalaga tyggjó. Þess vegna valdi ég ‘*nagdýratennur*’ af því að það er skiljanlegt, aðeins eldra en samt lifandi slangurorð fyrir stórar tennur.

- (6) a) I am almost 120 **pounds!**
b) Ég er næstum því 120 **pund!**
c) Ég er næstum því 54 **kílo!**

Í b) liðnum í þessu dæmi er ensk setning þýdd samkvæmt formlegu jafngildi. Lesandinn er færður til höfundar og texta hans. Ekki er tekið tillit til þess hvort í málinu lesandans sé notað pund- eða kílókerfið. Í c) er þýtt samkvæmt áhrifajafngildi.

2.2.2.4 Venuti

Eins og Nida greinir Lawrence Venuti þýðingaaðferðir í tvo flokka:

- (7) a) erlent svipmót – e. *foreignization*
- b) heimfærsla – e. *domestication*

Á erlent svipmót er horft sem verri þýðingu – þýtt er nær orð fyrir orð og lesandi finnur fyrir að textinn er illa þýddur, honum finnst það óþægilegt og ófaglegt (Ástráður Eysteinnsson 1996: 136)

- (8) a) Take off your shoes.
- b) Takið af ykkur skóna - dæmi um erlent svipmót
- c) Farið úr skónum – dæmi um heimfærslu

Í verkinu sínu *Ósýnileiki þýðandans* leggur Venuti áherslu á rennsli (e. fluency), lipurð eða léttleika textans í þýðingu. Þýðandi á að vanda sig svo að þýddur texti beri ekki „þýðingarblæ“ (Ástráður Eysteinnsson 1996: 135).

3. Um slangur, slettur og tökuorð

Fésbók, læk, skinka, fluffa, górdjöss og margt fleira. Hvað þýða þessi orð? Hvaðan koma þau og hverjir nota þau? Í þessum kafla ætla ég að útskýra notkun og flokkun þeirra.

3.1 Slangur

Það er mjög erfitt að skilgreina slangur eins og fram kemur í bókinni *Introduction to language*: „slang is one of those things that everybody can recognize and nobody can define“ (Fromkin og fl. 2003: 473). Svo er útskýrt að notkun slangurs innleiði mörg ný orð í tungumál með því að gefa gömlum orðum nýja merkingu.

Fjölmiðlar (útvarp, sjónvarp, dagblöð, tímarit og internet) hafa mikil áhrif á þróun íslenskrar tungu og á hverjum degi verður fólk fyrir áreiti frá þeim. Á síðustu áratugum er það sérstaklega internetið (eða bara *netið* eins og það er kallað) sem hefur haft mikil áhrif á tungumálið. Á netinu birtast ekki einungis blaðagreinar heldur allskonar umræður og skoðanir almennings. Vinsælar eru svokallaðar blogg síður og samskiptasíður m.a. *facebook* og *twitter*, þar sem fólk skrifar frásagnir af sjálfum sér. Sérkenni þessarar sjálfsfrásagna er nokkurs konar sambland af ritmáli og talmáli (s.s. talmál í rituðu formi). Aðgangur að netinu hefur stóraukist á síðustu árum og núna geta miklu fleiri notendur lesið það sem áður var sagt í fámennum hópi.

Slangur er fyrst og fremst talmál, það er oft og einatt tengt ákveðnum hópum í samfélaginu og er ekki viðurkennt sem gott mál. Slangur er oft kraftmikið, hefur tilfinningalega skírskotun og er venjulega laust við viðkvæmni (Guðmundur Erlingsson 2001).

Slangur lifir ekki lengi, er oft tengt ákveðnum tíðaranda og tísku. Þess vegna er mjög erfitt að finna einhverskonar orðabók – það tekur býsna langan tíma að safna orðum og merkingum þeirra og þegar orðabókin er gefin út eru slangurorðin jafnvel ekki lengur notuð.

- (9) a) *sardína* – lögreglubifreið (Mörður Árnason o.fl. 1982: 192)
b) *skinka* – útlitsgölluð ung stúlka, nær oftast kaffibrún af ljósabekkjanotkun með mikinn andlitsfarða og sítt rennislétt hár (slangurordabokin.is)

Orðið *sardína* var notað sem slangur fyrir u.þ.b. 40 árum en þekkist varla af unglíngum eða ungu fólki í dag. Alveg öfugt er orðið *skinka* – mjög nútímalegt og nýtt.

Það eru unglíngar sem nota slangur mest. Þeir leita að stöðu sinni í samfélagi fullorðna og á sama tíma gera þeir uppreisn gegn fullorðnum. Þeir sýna ólíkar afstöðu sína mest með notkun annars konar orða en hinir fullorðnu eða með því að gefa venjulegum orðum nýja merkinga, oft fyndna til að draga úr og léttvaða yfirvaldi fullorðinna.

Í slangri birtist einnig félagsleg spenna á milli ákveðinna hópa, t.d. unglínga og fullorðna, karla og kvenna, samkynhneigðra og gagnkynhneiddra (Mörður Árnason o.fl. 1982: formáli).

3.2 Slettur

Slettur eru ein tegund aðkominna orða sem eru notuð í íslensku en njóta ekki viðurkenningar í málinu. Slettur eru eins og slangur, tengdar tísku og flestar skammlífar en fá stundum viðurkenningu sem tökuorð (Guðmundur Erlingsson 2001). Slettur eru notaðar á flestum sviðum íslensks samfélags og fyrir u.þ.b. 20 árum komu þær hingað með skólagöngu eða komu með fólki sem lært hafði erlendis (Guðmundur Erlingsson 2001). Flestar slettur koma núna úr ensku og þá sérstaklega frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Ensk orð koma hingað með nýjustu tækni, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og á síðustu árum tengt notkun tölvu og netsins.

Flestar slettur ná ekki að aðlagast hljóð- og/eða beygingakerfinu og bera með sér uppruna sinn, t.d. *tú möts*, *gordjöss*, *ó mæ gad/god*.

Notkun slangurs og slettna er ennþá mjög umdeilanlegt. Sumir halda að slettur fari illa í tungumálinu en aðrir telja slettur auðga málið og skapa fjölbreytni í orðaforðanum.

- (10) a) slettur sem lifðu af
 - sletta *súkkulaði* (nýyrði *milska*)
- b) nýyrði sem tóku við
 - *áttaviti* (sletta *kompás*)

3.3 Tökuorð

Tökuorð eru annar flokkur aðkominna orða af erlendum uppruna sem öðlast hafa viðurkenningu í málinu. Þau er venjulega aðlöguð íslensku hljóð- og beygingakerfi að meira

en minna leyti. Auk þess eru mörg tökuorð alþjóðleg og eru því oft notuð til að auðvelda mönnum alþjóðleg samskipti (Guðmundur Erlingsson 2001).

Aðalmunurinn milli slettna og tökuorða er að tökuorð hafa fengið íslenska beygingu og eru fullkomlega búin að aðlagast íslenska hljóð- og beygingakerfinu en slettur hins vegar ekki.

(11) a. sagnorð – e. *to mix* (ísl. *að mixa*)

to pop (ísl. *að poppa*)

to bug (ísl. *að bögga*)

b. nafnorð – e. *gear* (ísl. *gír*, kk. no., sterk beyging)

pizza (ísl. *pítsa*, kvk. no)

Íslendingar hafa strangt viðhorf til tökuorða en t.d. það eru orð í íslensku sem en eru kölluð dönskuslettur en hafa verið í málinu yfir 400 ár, t.d. *ske*, *lukkulegur*, *ekta* (Sigþrúður Gunnarsdóttir 1996: 17)


4. Um vandamál í þýðingunni

Í þessum kafla ætla ég að segja frá þýðingunni minni og sérstaklega frá ýmsum vandamálum sem komu upp. Ég reyni að útskýra helsta muninn á milli þessara tveggja tungumála og líka milli menningarheima Íslendinga og Slóvaka.

4.1 Greining texta

Áður en farið er að þýða textann er gagnlegt að rannsaka eðli hans og samhengi af því að það eru ýmis atriði sem geta haft áhrif á þýðingu og þýðanda. Ég greindi textann samkvæmt aðferðum Newmarks sem lesa má um í bók Heimis Pálssonar og Höskuldar Þráinssonar (1998: 71)

(12)



4.1.1 Höfundar frumtexta og markhópur þýðingar

Bókin *Makalaus* er skáldsaga, skvísusaga, og hún er skrifuð fyrir konur á öllum aldri sem geta samsað sig aðalpersónu Lilju og vandamálum hennar. Eða alveg öfugt, fyrir konur sem leita einungis að afþreyingu og vilja lesa eitthvað létt og skemmtilegt og ekkert tengt vandamálum sínum.

4.1.2 Ritvenjur í frummálinu og heimamálinu

Bókin er skrifuð á látlausu máli (Tobba sleppir oft persónufornöfnum), næstum því talmáli, í formi dagbókar og færslna á samskiptasíðunni *facebook* og aðalpersónan gerir athugasemdir við allt sem hún upplifir og hugsar. Stundum er textinn eins og hugsunarstraumur, stíllinn er auðskilinn, léttur og skemmtilegur, með orðaleikjum, slangri og slettum ungra kvenna. Málsnið er frjálst, næstum því eins og í vinaspjalli.

4.1.3 Menning þjóðfélags frumtexta og heimamálsins

Menning Íslendinga og Slóvaka er mjög ólík. Í bókinni *Makalaus* er nútímalegu samfélagi ungs fólks á Íslandi kringum árið 2007 lýst. Almennt er menning ungra kvenna í byrjun 21. aldar mjög svipað í báðum löndum (ólíkt því sem það var t.d. fyrir 50 árum) – ungar stelpur, sjálfstæðar, vel menntaðar, fallegar og skemmtilegar, í góðri vinnu, tilbúnar að stofna fjölskyldu og leita sér maka. Eiga vini og óvini, fara út að skemmta sér, á stefnumót og nota netið og *facebook* og skrifa hugsanlega blogg síður. En svo eru hér smáatriði sem eru öðruvísi en í Slóvakíu, t.d. bíltúr með ís, hlé í bíósýningum, fara á party áður en farið er á bar, o.s.frv.

Meira er talað um menningarmuninn í kafla 4.3.

4.2 Málfræðileg vandamál

Í undirköflunum hér á eftir verða flokkuð ýmisleg málfræðileg vandamál sem komu fyrir og sem eru afleiðingar af ólíku eðli tungumálanna tveggja, íslensku og slóvakísku.

4.2.1 Notkun tíða og horfa

Í slóvakísku eru þrjár tíðir (framtíð, þátíð og nútíð) og tvö horf (lokið horf og ólokið horf). Eins og í íslensku eru í slóvakísku þrjár myndir sagna – germynd, þolmynd og miðmynd, þótt notkun og merking sé oft öðruvísi.

(13) a) tíð	slóvakíska	íslenska
þt.	<i>čítal som</i>	<i>ég las/ég var að lesa</i>
	<i>prečítal som</i>	<i>ég hef lesið/ ég var búinn að lesa</i>
nt.	<i>čítam</i>	<i>ég les/ég er að lesa</i>

ft.	<i>budem čítat'</i>	<i>ég mun lesa/ég skal lesa</i>
	<i>prečítam</i>	<i>ég hef lesið (þegar þú kemur)</i>

Lokið og ólokið horf í slóvakísku er mynduð með forskeyti og sagnir eru alltaf í framsöguhætti nútíðar, þátíðar eða framtíðar.

(14)	b)	slóvakíska	íslenska
		<i>jedol som (keď si prišiel)</i>	<i>Ég borðaði/ ég var að borða (þegar þú komst)</i>
		<i><u>do</u>jedol som (keď si prišiel)/</i>	<i>Ég hef borðað (þegar þú komst)/</i>
		<i><u>z</u>jedol som (keď si prišiel)</i>	<i>ég var búin að borða (þegar þú komst)</i>

Sagnir með forskeyti eru ekki til í nútíð, bara í þátíð og framtíð.

(15)	c)	jest'	'að borða'
		jedávat'	'að borða' (altímamerking)
		dojest'	'að borða' (í merkingu 'klára að borða')
		najest' sa	'að borða' (í merkingu 'borða sig saddan')

(16) bls. 30 a) Með árum **hef** ég loksins **lært** ...

b) Rokmi som sa **naučila**, ...

c) Með árum **lærði** ég loksins ...

Rót sagnarinnar er *učít' sa* og er almenna merkingin 'að læra'. En með forskeyti *na* fær hún loks horfsmerkingu – 'hafa lært'.

Form dvalarhorfs (vera + að + nafnháttur) eins og það er í íslensku er ekki til í slóvakísku. Til að fá dvalarhorfsmerkingu verður rétt sagnorð að vera valið, þ.e. sagnorð sem hefur þessa merkingu í sér.

(17) bls. 27 a) Lilja ... er **að fíla** Krónuna!

b) Lilja **zbožňuje** Krónan!

c) Lilja ... **fílar** Krónuna!

4.2.2 Notkun falla

Í íslensku eru fjögur föll en í slóvakísku eru þau sjö (þótt aðeins sex séu notuð í nútíma slóvakísku) þannig að föll í íslensku samsvara ekki nákvæmlega öllum föllum í slóvakísku. Eins og í íslensku stýra sagnorð og forsetningar föllum nafnorða, forsetningar geta stýrt annaðhvort einu falli eða það þarf að velja rétt fall.

- (18) a) Bókin er **á borðinu** (á + þágufall)
- b) Kniha je **na stole** (na + staðarfall)
- c) Settu bókina **á borðið** (á + þolfall)
- d) Daj knihu **na stól** (na + þolfall)

4.2.3 Notkun greinis

Í íslensku er til ákveðinn greinir en ekki í slóvakísku. Í þýðingunni hef ég oftast sleppt greininum eða ég notaði í staðinn fyrir greini ábendingarfornöfn og atviksorð, eftir merkingu.

- (19) bls 7. a) Ég uppfæri facebook **statusinn minn** ...
- b) Obnovím si **status** na facebooku ...
- c) Ég uppfæri facebook **status** ...

- (20) bls 33. a) Er þetta ekki sami **leikurinn** og sama **draslið** allstaðar ...
- b) Nie je to všade na svete **tá** istá **hra** a **tie** isté **nezmysly**...
- c) Er þetta ekki **þessi** sami **leikur** og **þetta** sama **drasl** allstaðar

- (21) bls 25 a) Ég sat skelfingu lostin í **bílnum**...
- b) Sedela som **tam** v **aute** vyplašená...
- c) Ég sat **þarna** í **bíl** skelfingu lostin...

4.2.4 Orðaröð

Grundvallarorðaröð í slóvakísku og íslensku er alveg eins: frumlag – sögn – andlag. Á sama tíma er í slóvakísku ekki til reglan sem samsvarar íslensku grundvallareglunni um að hafa sögnina í öðru sæti. En í slóvakísku eru persónufornöfn notuð mjög sjaldan.

- (22) a) Čítam knihu. / **Ja** čítam knihu
- b) **Ég** er að lesa bók.

c) Požičiaš mi pero? / Požičiaš mi **ty** pero?

d) Ætlar **þú** að lána mér penna?

Persónufornöfnum (pfn.) er oftast sleppt af því að sögnin inniheldur persónu og tölu í sér, s.s. það bættist við stofn sagnanna viðskeyti sem samsvarar persónu og tölu. Þetta gildir fyrir nútíð og framtíð.

(23) t.d. *að lesa* – **čítat'** (t' – viðskeyti nafnaháttar)

1.p.et. **-m** (**čítam**) 1.p.ft. **-me** (**čítame**)

2.p.et. **-š** (**čítaš**) 2.p.ft. **-te** (**čítate**)

3.p.et. **-θ** (**číta**) 3.p.ft. **-ú/jú** (**čítajú**)

Það er alltaf hægt að sjá persónu og tölu sagnarinnar þótt pfn. sé sleppt. En annað á við í þátíð. Þátíð er mynduð með viðskeyti *-l* í et. og *-li* í ft. í öllum persónum. Til að sjá rétta persónu þarf að bæta við ábendingarfornafni (áfn.)

(24) t.d. *að lesa*

1.p.et. **som** (**čítal som**) 1.p.ft. **sme** (**čítali sme**)

2.p.et. **si** (**čítal si**) 2.p.ft. **ste** (**čítali ste**)

3.p.et. **θ** (**čítal**) 3.p.ft. **θ** (**čítali**)

Rétt orðaröð í þátíð er þá annaðhvort:

(25) a) **Čítal som** knihu.

b) *Ja som čítal* knihu.

Bæði a) og b) þýða það sama – 'ég las bókina'. Í ritmáli er ótækt að byrja setningu með áfn. og sleppa pfn. (s.s. *Som čítala knihu*) en það er hægt í talmáli og það er aðferð sem ég notaði í þýðingunni enda er það nýjasta tíska í talmáli í slóvakísku.

Orðaröðinni er breytt eftir merkingaráherslum (áherslan er oftast lögð á orðin sem eru fremst eða aftast í röðinni) eða eftir málsniði. Orðaröðinni er breytt á miklu frjálssari hátt en í íslensku.

- (26) bls. 8 a) (Hristi)¹ (myndina af mér tugttugu árum eldri með háruða höku og ketti út um allt)² (úr huganum)³.
 b) (Striasla som)¹ (z mysle)³ (obraz seba samej ...)²
 c) (Z mysle)³ (som striasla)¹ (obraz seba samej ...)²
 d) (Striasla som)¹ (obraz seba samej ...)² (z mysle)³
 e) (Obraz seba samej ...)² (z mysle)³ (striasla som)¹.
 f) (Obraz seba samej ...)² (striasla som)¹ (z mysle)³.
 g) (Som striasla)¹ (z mysle)³ (obraz seba samej ...)²

Hægt er að segja að eðlileg orðaröð sé b), c) og d), ljóðræn e) og f) og setning g) sé notuð í nútímalegu slóvakísku talmáli og það er setningin sem ég notaði í þýðingunni.

4.3 Menningarleg vandamál

Það er margt ólíkt með Íslandi og Slóvakíu. Í þessum kafla vil ég gera grein fyrir nokkrum menningarlegum vandamálum sem komu upp við þýðinguna.

4.3.1 Sérnöfn

Íslensku bókstafirnir *ð*, *þ* og *æ* eu ekki til í slóvakísku og Slóvakar vita ekki fyrir hvað þeir standa. Ég breytti þeim í *d*, *th* og *ae*. Allir hinir stafirnir eru til í slóvakísku og þó að framburður þeirra sé öðruvísi ákvað ég að skrifa þá eins og þeir standa í íslensku. Stafurinn *ö* er ekki heldur til í slóvakísku en Slóvakar vita frá ungversku og þýsku fyrir hvað hann stendur, þannig ég þurfti ekki að breyta honum.

Hér eftir eru næstum því öll nöfn eins og ég ákvað að rita í þýðingunni.

(27) Lilja Sigurdardóttir, Heida, Ósk, Rán, Tinna, Tommi, Tómas Thór
 Tómasson, Brynja, Saevar Karl, Thorgrímur Thráinsson, Haukur Hermanns,
 Björn Hlynur, Helgi Sig, Maggi Jóns ...

Flest íslensk nöfn eiga sér ekki hliðstæðu í slóvakísku (nema þau sem eiga uppruna sinn í Biblíunni) og þess vegna var ekki hægt að þýða þau. Undartekning eru landaheiti t.d. *Bretland* – *Anglicko* (*Británia* myndi samsvara *Bretlandi* betra, en *Anglicko* er miklu algengara í venjulegu talmáli).

Stór hluti af íslenskri menningu eru staðir í Reykjavík, eins og veitingahús, barir og búðir. Strætóstaðurinn *Hlemmur* er velþekktur fyrir alla Íslendinga og hefur ákveðna skírskotun í huga þeirra. Þar er hægt að finna allskonar fólk og samfélagshópa, ekki bara þá sem bíða eftir strætó, t.d. fíkla og heimilislausa. Þessir hópar eru allstaðar í heiminum og virðast þeir safnast saman á slíkum stöðum (strætó-, rútu- og lestastöðvum). Ég vildi viðhalda andrúmslofti Hlemms í þýðingunni og ákvað því að nota almenna orð *stöd* af því að svona staður eins og Hlemmur er til á öllum stöðvum og í öllum bæjum í Slóvakíu, ekki bara í höfuðborginni.

- (28) bls. 8 a) Hanga á **Hlemmi**?
b) Ponevierat' sa na **stanici**?
c) Hanga á **stöd**?

Verslanir eru tvennskonar í *Makalausri* – almennar og sérhæfðar. Matvöruverslanir á Íslandi er hægt að flokka eftir verði og úrvali. T.d. ódýrar verslanir eins og Bónus og Krónan og dýrari búðir með meiri úrvali eins og Hagkaup og Nóatún. Í Slóvakíu er svona flokkun út af samkeppni ekki til (allir vilja vera ódýrastir og með mesta úrval). Þar sem kaffihús og verslanir eru nefndar í sögunni í almennu samhengi (dýr sem ódýr) eru notuð orðin *kaviareň* ('kaffihús') og *samoška* (þetta er slangur fyrir 'matvöruverslun').

Í sögunni er nefnd Krónan, þar sem Lilja hittir Tomma.

- (29) „Ég kom við í Krónunni í gær á leiðinni heim til að kaupa í matinn...“
„Ég var eitthvað að væflast fyrir framan mjólkurkælinn...“ (bls. 25)

Þá heldur hún áfram að tala um vörur sem Tommi er með í kerrunni sinni þannig að það er augljóst að Krónan er matvöruverslun. Fyrst ætlaði ég að nota almennt orð fyri 'búð' en þegar Lilja nefndi Krónuna á *facebook veggnum* þá ákvað ég að nota nafnið *Krónan*.

4.3.2 Orðaleikir

Það sem mér finnst skemmtilegast þegar ég les bækur eru orðaleikir. Uppáhaldshöfundar mínir eru þeir sem kunna tungumálið mjög vel og nota ýmisleg orð á tvíráðan hátt. Einn af þeim íslensku er t.d. Hallgrímur Helgason og af slóvakískum er Milan Lasica.

En það sem mér finnst skemmtilegt sem lesanda finnst mér mjög erfitt og krefjandi í hlutverki þýðandans.

- (30) bls 7 a) **Punn** á kaffihúsi, jafnvel **þynnri** en ódýrasti klósettpappír. Þessi þarna frá euroshopper.
- b) **Rozbitá** v kaviarni. **Rozbitá** na márne kúsky ako tie najlacnejšie poháre z Teska.
- c) **Brotin** á kaffihúsi, **brotin** í pínulitla bita eins og ódýrustu glös. Þessi þarna frá Tesco.

Hér þurfti ég að finna slangur sem samsvarar tvíraðninni í merkingu lýsingarorðsins *þunnur* og nota það. Þá þurfti ég líka nota merkið *Tesco*, af því að þó merkið *Euroshopper* sé kunnulegt í Slóvakíu selur það ekki glös.

- (31) bls 37 a) 09:02 **Lilja Sigurðardóttir** mmm helgi!

Hver er það? Mamma kommentar stundum eins og geimvera. Reikna með að það sé bæði laugardagur og sunnudagur, mamma. Hrokinn í Brynju systur. Eins og þetta gæti ekki verið karlmaður! Getur það ekki verið bæði? Helgi um helgar? ...

- b) 09:02 **Lilja Sigurðardóttir** mmm víkend!

To je čo? Mama niekedy komentuje ako mimozemšťan. Počítam, že to je sobota a aj nedeľa, mama. Brynjina povýšeneckosť. Ako keby za tým nemohol byť chlap. Nemôže byť za tým niečo iné? Chlap na víkend?

- c) 09:02 **Lilja Sigurðardóttir** mmm helgi!

Hvað er það? Mamma stundum kommentar eins og geimvera. Reikna með að það sé bæði laugardagur og sunnudagur, mamma. Hrokinn Brynju. Eins og þar gæti ekki verið líka karlmaður bak við þetta! Getur það ekki verið eitthvað annað bak við þessu? Gaur um helgina?

Hér er dæmi af því sem er frekar óþýðanlegt og ég náði ekki að þýða tvíræðina í orðinu *helgi* sem karlmannsnafn og sem nafnorð. Fyrst hugsaði ég mér að nota orðaleik *piatok* ('föstudagur') og *Piatok* sem gæti hugsanlega verið karlmannsnafn, eins og í sögunni *Robinson Krúsó* þ.e. *föstudagur* í merkingu 'lok vikunnar' og líka nafn karlmanns. Svo ákvað ég að nota það ekki, af því að *Piatok* sem karlmannsnafn er ekki til, nema í sögunni *Robinson Krusó* og þá hljómaði þýðingin mjög óeðlilega.

(32) bls 36 a) **101**, kl 21 í eitt rautt.

101? Bara hvar sem er? ...

b) *Centrum*, o deviatej na jedno červené.

Centrum? To ako hocikde?...

c) **Miðbær**, klukkan níu í eitt rautt.

Miðbær? Bara hvar sem er? ...

101 er hérna nafn hótels í miðri Reykjavíkur. *101* er líka hverfi í Reykjavík (þess vegna fékk hótelið nafn sitt). Lilja vill hitta Tómas á 101 (veitingastað á 101 hótelinu) en Tommi, sem er ekki frá höfuðborgarsvæðinu, þekkir bara hverfið. Til að ná í misskilningnum á milli þeirra þurfti ég að búa til nafnið *Centrum* ('Miðbær'), sem túlkað má með svipuðum tvíræðum hætti.

(33) bls 36. a) *Takk fyrir gott kvöld, sæta*. ...

Hvað er þetta **sæta**? **Sæta** og **dúlla**. Hata það. Það eru orð sem hæfa dýrum og börnum. ...

Sömuleiðis sykur.

b) *Ďakujem za večer, kočka*....

Čo je to tá **kočka**? **Kočka** a **žabka**. Neznášam to. To sú slová, ktorými sa oslovujú zvieratá alebo deti.

Podobne kocúrik.

c) *Takk fyrir gott kvöld, kisi* ...

Hvað er þetta **kisi**? **Kisi** og **froskur**. Hata það. Það eru orð sem hæfa dýrum og börnum. ...

Sömuleiðis högni.

Í slóvakísku er orðið *sæta* ekki notað í þessari merkingu. Ég þurfti að nota eitthvað annað og ég kom með orðið *kočka*. Þetta orð er oft notað sem slangur fyrir ungar stelpur (í merkingunni ‘skvísa’) kemur upprunalega úr tékknesku sem þýðir ‘köttur’. Þá gæti ég bætt orðinu ‘žabka’ (‘lítill sætur froskur’) sem er jákvætt slangur fyrir stelpur (u.þ.b. 8-11 ára) sem vilja líta út aðeins eldri en þær eru. Í staðinn fyrir sykur notaði ég orðið ‘kocúrik’ (‘lítill sætur högni’), slangur sem er oft notað fyrir unga menn.

4.3.3 Orðatiltæki

Orðatiltæki geta líka skapað vandamál fyrir þýðanda. Ég valdi að þýða þau samkvæmt áhrifafangildi, þ.e. merking fyrir merkingu.

- (34) bls. 21 a) ... oft að líta í eigin barm...
b) zamiest’ si pred vlastným prahom...
c) ... að sópa fyrir framan sinn eiginn þröskuld...

Samkvæmt Íslenskri orðabók (2007) þýðir *að líta í eigin barm* ‘að líta sér nær, skoða eigin hug eða stöðu (áður en maður gagnrýnir aðra)’ og betra er að nota slóvakísk orðatiltæki b). En svo heldur Tobba áfram með orðaleik af orðinu *barmur* (‘brjóst, bringa’), þá tekur hún orðatiltækið bókstaflega *að gá á barminn sinn*.

- (35) bls 21 a) Ég gleymi oft að líta í eigin barm og spá í hvað er að gerast (ekkert svo sem annað en 38C)
b) Často sa zabúdam pozriet’ sama na seba a na to, čo ma ťaží na hrudi (stále tie isté trojky)
c) Ég gleymi oft að líta sjálfa mig og spá í hvað er að liggur á bringunni minni (ekkert svo sem annað en 38C)

Þá gat ég ekki notað orðið *þröskuld* heldur þurfti ég koma með nýtt orðatiltæki:

- (36) a) ... pozriet’ sa sám na seba a čo ma ťaží na hrudi..
b) ... að líta á sjalfan sig og hvað liggur á bringunni minni ...

‘Að líta á sjalfan sig’ þýðir líka ‘að skoða sér nær áður en maður fer að benda á aðra’.

(37) bls 10 a) Mér fer nú ekki lítast á blikuna...

b) Nezačina to vyzerat' dobre...

c) Þetta fer ekki að líta vel út...

Blika er 'óveðurský' og orðatiltækið þýðir 'e-m þykir útlit ekki gott' og þá fann ég ekki neitt orðatiltæki sem myndi passa vel í þýðinguna. Ég valdi bara að túlka merkinguna eins og hægt er að sjá í b)/c)

4.3.4 Stakorð

Stakorð eru orð sem eru búin til og notuð bara einu sinni (Jón Friðjónsson 1998: 149).

(38) bls 21 a) **fluffur**

b) **letušácky**

Orðið *fluffur* er búið til af orðinu *flugfreyjur* og hefur niðurlægjandi merkingu. Það er ekki til neitt slangur eða sletta í slóvakísku sem ég gæti notað og þess vegna þurfti ég að búa til nýtt orð af orði *letušky* ('flugfreyjur'). Það er mjög erfitt að útskýra niðrandi merkingu af orðinu *letušáčka*. Venjulegt orð *letuška* er búið til af orðinu *let* ('flug') með viðskeytinu –ška sem notað má fyrir lifandi verur og hefur frekar fallegan blæ. Viðskeytið –áčka er oft notað til að búa til nafnorð fyrir dauða hluti af sögnum (t.d. *prat' – práčka*, 'að þvo – þvottavél'). Þá náði ég að búa til orð sem er ljótt í formi og hugtaki (merkingu).

(39) bls 23 a) **karaktersubba**

b) **charakteršpind'úra**

Orðið *karaktersubba* er líka stakorð, samsett af tveimur orðum – *karakter* og *subba* og merkir manneskju með ljótan persónuleika. Samsettaorðið *charakteršpind'úra* er ekki til í slóvakísku og þá notaði ég sömu aðferð og Tobba. Ég sett saman tvö orð, venjulegt orð *charakter* ('persónuleiki') og frekar neikvætt en samt algengt slangur fyrir subbulega manneskju (*špind'úra*).

4.3.5 Slangur, slettur og tökuorð

Í slóvakísku eru miklu fleiri slangursorð en slettur og eiga þau oftast uppruna sinn í slóvakískum mállýskum. Stærsti hópurinn eru tökuorð sem koma úr latínu (latína var kirkju- og menntamálið í Slóvakíu til 19. aldar en slóvakíska hafði lifað af sem mállýska). Hægt er að sjá að núna er það enska sem hefur mest áhrif á slóvakísku og ferillinn er svipaður eins og á Íslandi – ensk orð koma í notkun með nýjustu tækni og svo fara orðin að aðlagast slóvakíska málfræði- og hljóðkerfinu þangað til þau eru fullkomlega viðurkennd sem slóvakísk orð.

- (40) a) enskt orð *meeting*
b) slóvakískt orð *míting* (kk. orð)
c) íslenskt orð *fundur*

Slettur eru notaðar þýsna oft í *Makalausri* og eru þær allar teknar úr ensku. Sumar eru skrifaðar eins og í ensku og ég breytti þeim ekki.

- (41) t.d. *fashionable, off limits, facebook, desperate, cheesy, smart...*

En oftar eru þær búnar að fá íslenskt form samkvæmt hljóðareglunum.

- (42) t.d. *sæna inn, gordjöss, næsness, kommon, dömplínan, depressíng, fling, spæjað, deit, túlgæ, fésbók ...*

Áhrif ensku á slóvakísku er töluvert minni en á íslensku. Ástæðan getur verið að tölvu- og internetnotkun er ekki algeng og á Íslandi. Enska er ekki kennd eins mikið (börnin í grunnskólum velja sér oft þýsku sem annað tungumál) og kvikmyndir eða sjónvarpsþættir eru alltaf talsettir á slóvakísku (eða á tékknesku). Þetta er núna að breytast en ekki eins fljótt og á Íslandi.

Þar sem hægt var (og það var oftast) notaði ég slettur eins og *Tobba*, nema ég skrifaði þær samkvæmt slóvakískum hljóðreglum.

- (43) bls 9 a) **deitingsístem**
b) **dejtingsystem**

Það var ekki alltaf hægt að nota sömur slettur og Tobba notar af því að þau orð eru ekki mikið notuð í Slóvakíu eða passa ekki í þýðinguna. Þá valdi ég að nota annað slangur eða annað slettuorð.

- (44) bls 7 a) **gordjöss**
- b) **bjútiful** (sletta)
- (45) bls 10 a) **dömplínan**
- b) **odpisovka** (slangur)

Sjaldnast voru tökuorð notuð í bókinni og þýðingunni og þá notaði ég slangur með svipaðri merkingu.

- (46) bls 40 a) **blenderinn**
- b) **mixér** (tökuorð)
- (47) bls 15 a) **djamma**
- b) **žúrovat'** (slangur)

Lokaorð

Í þessari ritgerð reyndi ég að varpa ljósi á helstu vandamálin sem komu upp þegar ég þýddi fyrstu tvo kaflana úr bókinni *Makalaus* úr íslensku á slóvakísku.

Ég vildi fjalla um skvísusögur og póstheminisma í báðum löndum – Íslandi og Slóvakíu og ég gerði það í fyrsta kaflanum. Í öðrum kaflanum var talað um þýðingar samkvæmt mikilvægustu þýðingaaðferðum og þýðingafæri. Nefnd voru nokkur atriði sem þýðandi verður að hafa í huga þegar hann þýðir mismunandi texta. Í síðustum köflunum skrifaði ég um slangur, slettur og tökuorð og hvernig ég leysti málfræðileg og menningarleg vandamál.

Við gerð þessarar ritgerðar lærði ég mjög mikið. Til að vera góður þýðandi er ekki nóg einungis að vinna með orðabækur heldur nauðsynlegt líka að þekkja vel tungumál og menningarumhverfi upprunamálsins sem og markamálsins.

Heimildarskrá

- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli*. Bókmenntafræðistofnun, Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Fromkin, Viktoria, Robert Rodman og Nina Hyams. 2003. *Introduction to language*. Heinle, Boston.
- Guðmundur Erlingsson. 2001. *Alfræði íslenskrar tungu. Slangur, slettur og tökuorð*. Námsgagnastofnun – íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla, Reykjavík.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2007. Ritst. Mörður Árnason. Edda, Reykjavík.
- Jón Friðjónsson. 2006. *Þýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jón Friðjónsson. 1998. *Íslenskir leskaflar með skýringum, málfræði, setningafræði og æfingum*. Málvísindastofnun Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál*. Forlagið, Reykjavík.
- Sigprúður Gunnarsdóttir. 1996. Fullgild tökuorð eða sléttur? *Samundur á selum*. 3. tbl. 2. árg. bls. 16-19. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sverrir Hólmarrsson, Christopher Sanders, John Tucker. 1991. *Íslensk – ensk orðabók. Concise Icelandic – English Dictionary*. Iðunn, Reykjavík.
- Tobba Marinós. 2010. *Makalaus*. Forlagið, Reykjavík.

Heimildir á netinu

- Slangurorðabók. Sótt 13. apríl 2013 af <http://slangur.snara.is/>
<http://www.ordabok.is/>
- Marta María Jónasdóttir. 2013. „Ég er ekki þunn Tobba Marinós“. *Morgunblaðið*, 15. janúar. Sótt 6. apríl 2013 af http://www.mbl.is/smartland/stars/2013/01/15/eg_er_ekki_thunn_tobba_marinos/
- Forlagid.is. 2013. Um Tobbu Marinós. Sótt 6. apríl 2013 af <http://www.forlagid.is/?p=568823>
- Litcentrum.is. 2013. Um Evu Urbaniková. Sótt 13. apríl 2013 af <http://www.litcentrum.sk/slovenski-spisovatelia/eva-evita-urbanikova>